

## **Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni kvenna 2012**

### **1. PÁTTTAKA FÉLAGA**

1.1 Þátttaka í deildarbikarkeppni KSÍ er heimil öllum félögum, sem tóku þátt í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna 2011.

### **2. HLOTGENGI LEIKMANNA**

2.1 Hlutgengir til þátttöku eru leikmenn sem eru félagar í því félagi, sem þeir keppa með, og uppfylla ákvæði reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna.

### **3. FYRIRKOMULAG KEPPINNAR**

3.1 Heimilt er að skipta keppni í 3 deildir, A, B og C, eftir styrkleika liða. Tryggja skal þáttökuliðum að minnsta kosti 5 leiki í keppninni, ef unnt er.

3.2 A og B-deild skulu skipaðar 6 liðum hvor, en önnur þáttökulið skipa C-deild. Heimilt er að skipta C deild í riðla ef þátttaka er nægileg. Heimilt er að taka tillit til landshluta við skiptingu í riðla. Við niðurröðun leikja er ekki skylt að fylgja hefðbundinni fastri töluröð. Í öllum deildum skal leikin einföld umferð og er keppnin stigakeppni. 4 efstu lið í A-deild vinna sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni.

Engin úrslitakeppni er í B-deild. Í úrslitakeppni C-deildar taka þátt 4 lið (1R1, 1R2, 1R3, og liðið með bestan árangur í 2. sæti riðlakeppninnar), sem leika til undanúrslita skv. ákvörðun mótanefndar. Sigurvegarar í undanúrslitum leika síðan til úrslita í C-deild.

3.3 Í úrslitakeppni A-deildar taka þátt 4 lið og skal leikið skv. útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik (leikið til þrautar):

Undanúrslit: A1 - A4 og A2 - A3

Úrslitaleikur: A1/A4 - A2/A3

Sigurvegari í úrslitaleik A-deildar telst Deildarbikarmeistari KSÍ.

### **4. TÍMABIL KEPPINNAR**

4.1 Keppni skal hefjast í mars og skal lokið fyrir upphaf Íslandsmóts. Mótanefnd getur þó ákveðið að úrslitaleikur keppninnar fari fram síðar.

### **5. LEIKVELLIR**

5.1 Mótanefnd ákveður alla leikstaði og er heimilt að láta leiki fara fram á heimavelli annars leikaðila. Leikir skulu fara fram í knattspyrnuhúsum eða á knattspyrnugrasvöllum, en heimilt skal þó að leika á grasvelli, ef aðstæður leyfa. Úrslitaleikur efri deildar skal fara fram á grasvelli, ef aðstæður leyfa, en annars í knattspyrnuhúsi eða á knattspyrnugrasvelli.

### **6. LEIKREGLUR**

6.1 Knattspyrnulögin eru í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eftir því sem við á. Í leikjum í knattspyrnuhúsum gildir, að fari knötturinn í þak hússins í leik, skal leikmaður úr því liði, sem ekki snerti knöttinn síðast, taka innvarp á hliðarlínu, næst þeim stað sem knötturinn snerti þakið.

6.2 Heimilt er að skrá 18 leikmenn á leikskýrslu í hverjum leik, 11 sem hefja leikinn og 7 varamenn. Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

## **7. FJÁRMÁL**

7.1 Þátttökugjald skal ákveðið af stjórn KSÍ (fellur niður 2012). KSÍ greiðir vallarleigu þegar nauðsynlegt er að leika á hlutlausum velli í keppninni og allan kostnað vegna dómgæslu (ekki greidd laun til dómara í undankeppni). Hvert félag skal bera kostnað vegna eigin ferðalaga og uppihalds í keppni allra deilda.

7.2 Ekki verður selt inn á leiki í keppninni, en mótanefnd getur sett önnur ákvæði um úrslitakeppni A-deildar.

## **8. AGAMÁL**

8.1 Ef leikmanni er vikið af leikvelli (rautt spjald), skal hann fara sjálfkrafa í bann í næsta leik. Ef leikmanni er vikið af leikvelli í annað sinn í keppninni, skal hann fara sjálfkrafa í bann í næstu tveimur leikjum. Sjálfkrafa leikbönn verða ekki tilkynnt með skeyti eða faxi.

8.2 Ef leikmaður hefur verið áminntur þrisvar sinnum í keppninni (3 gul spjöld), skal hann fara sjálfkrafa í bann í næsta leik. Ef leikmaður hefur verið áminntur tvisvar sinnum til viðbótar (5 gul spjöld), skal hann fara sjálfkrafa í bann í næsta leik. Sjálfkrafa leikbönn verða ekki tilkynnt með skeyti eða faxi.

8.3 Deildarbikarkeppnin er sjálfstæð hvað varðar agamál og hefur ekki áhrif á önnur mót KSÍ. Leikmaður, sem á eftir að taka út leikbann í landsmóti frá haustinu áður, getur ekki afplánað það í keppninni. Spjöld og refsingar í deildarbikarkeppni 2011 flytjast ekki yfir á keppnina 2012.

8.4 Aganefnd KSÍ fjallar um agabrot, ef þörf þykir, og almennt skal starfsreglum nefndarinnar fylgt eftir því sem við á.

## **9. SEKTIR**

9.1 Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð kr. 30.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð kr. 30.000.

9.2 Lið, sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og greiða þar að auki bætur til mótaðila sem nemi 50% af ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar, en þó aldrei lægri upphæð en kr. 30.000, auk þess sekt til KSÍ að upphæð kr. 30.000.

## **10. DÓMGÆSLA**

10.1 Dómaranefnd KSÍ raðar dómurum og aðstoðardómurum til starfa á leiki í A og B-deildum og skulu þeir almennt vera úr hópi landsdómara KSÍ eða KSÍ dómara (D dómarar).

10.2 Dómaranefnd KSÍ raðar einnig dómurum til starfa á leiki í C-deild, en það lið sem talið er upp á undan er ábyrgt fyrir aðstoðardómurum með tilskilin réttindi (heimilt er að láta leiki í C-deild fara fram án aðstoðardómara í undantekningartilfellum).

## **11. STJÓRN KEPPNINNAR**

11.1 Mótanefnd KSÍ annast niðurröðun leikja og stjórnar keppninni. Nefndin hefur heimild til að taka lokaákvörðun í málum, sem ekki eru ákveðin í þessari reglugerð eða í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Hún skal taka nauðsynlegar ákvarðanir vegna frestana eða slita leikja vegna veðurs og annarra óviðráðanlegra atvika (force majeure).

11.2 Félag, sem notar leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með því eða notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Staðfesti skrifstofa KSÍ að þátttakandi hafi verið óhlutgengur í leik skal mótanefnd þegar í stað skrá úrslit leiksins skv. ofangreindu og tilkynna það viðkomandi félögum. Heimilt er að kæra slíka skráningu til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ og skal kærufrestur telja frá þeim degi sem tilkynningin er gefin út.

11.3 KSÍ veitir verðlaun til félaga og viðurkenningar til leikmanna samkvæmt nánari reglum síðar.